

Frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 2024.

(Lagt fyrir Alþingi á 154. löggjafarþingi 2023–2024.)

Efnisyfirlit

	Bls.
Lagagreinar	
1. gr. Fjárheimildir málefnasviða	3
2. gr. Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka	4
3. gr. Heimildir	5
Sundurliðanir	
1. Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum	6
Athugasemdir	
Inngangur	9
1. Gjöld A-hluta	11
2. Heimildir	15
Athugasemdir við einstaka málaflokka	16

PRENTMET ODDI

ISSN 1607-811X

A1-hluti

Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum

1. gr.
Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2024 um fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta).

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildarfjár- heimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	6.300,0				6.300,0		6.300,0
31 Húsæðis- og skipulagsmál	1.124,0				1.124,0		1.124,0
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	-7.424,0				-7.424,0		-7.424,0
Samtals		0,0			0,0		0,0

A1-hluti

Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum og málaflokkum

2. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2024 um framlög úr ríkissjóði (A1-hluta) og fjárheimildir sundurliðaðar eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Framlag úr ríkissjóði
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	4.800,0				4.800,0	4.800,0
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.....	4.800,0				4.800,0	4.800,0
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi.....	4.800,0				4.800,0	4.800,0
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	-5.784,0				-5.784,0	-5.784,0
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	1.500,0				1.500,0	1.500,0
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi	1.500,0				1.500,0	1.500,0
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	140,0				140,0	140,0
31.10 Húsnæðismál	140,0				140,0	140,0
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.....	-7.424,0				-7.424,0	-7.424,0
34.10 Almennur varasjóður.....	-7.424,0				-7.424,0	-7.424,0
10 Innviðaráðuneyti	984,0				984,0	984,0
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	984,0				984,0	984,0
31.10 Húsnæðismál	984,0				984,0	984,0
Samtals						

Ýmis ákvæði
Heimildir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2024:

Nýr liður:

5.20 Að auka við hlutafé í Leigufélaginu Brieti ehf. til að styðja við tímabundin kaup félagsins á allt að 120 íbúðum sem leigja skal til Grindvíkinga með skilyrði um endurgreiðslu hlutafjárins með lækkun hlutafjár innan þriggja ára frá því að greiðslan var innt af hendi.

Sundurliðun 1

Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum**30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi****30.10 Vinnumál og atvinnuleysi***07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

Rekstrartilfærslur	4.800,0
Heildarfjárheimild	4.800,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði	4.800,0
-----------------------------	---------

09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur	1.500,0
Heildarfjárheimild	1.500,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði	1.500,0
-----------------------------	---------

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld	6.300,0
---	----------------

Rekstrartekjur	0,0
-----------------------------	------------

Framlag úr ríkissjóði	6.300,0
------------------------------------	----------------

Viðskiptahreyfingar	0,0
----------------------------------	------------

m.kr.

31 Húsnæðis- og skipulagsmál

31.10 Húsnæðismál

09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur	140,0
Heildarfjárheimild	140,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði	140,0
-----------------------------	-------

10 Innviðaráðuneyti

Rekstrartilfærslur	984,0
Heildarfjárheimild	984,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði	984,0
-----------------------------	-------

31 Húsnæðis- og skipulagsmál, heildargjöld	1.124,0
Rekstrartekjur	0,0
Framlag úr ríkissjóði	1.124,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

34.10 Almennur varasjóður

09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur -7.424,0

Heildarfjárheimild -7.424,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði -7.424,0

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir, heildargjöld -7.424,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði -7.424,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

Greinargerð.

Inngangur

Þetta fjárukalagafrumvarp er lagt fram vegna eldsumbrota og jarðhræringa við Grindavík. Hraunrennsli innan bæjarmarka, sprungumyndanir og skemmdir á mikilvægum innviðum eru þess eðlis að auka þarf stuðning við íbúa Grindavíkur sem var gert að yfirgefa heimili sín í nóvember 2023. Þegar hefur verið gripið til tímabundinna stuðningsaðgerða við íbúa Grindavíkur. Vegna viðvarandi óvissuástands er ljóst að stuðningurinn þarf að vara lengur en hugað var að í fyrstu. Óvissa um framvindu mála er áfram mikil og aðgerðir í þessu fjárukalagafrumvarpi því fyrst og fremst hugsaðar til millilangs tíma þar sem markmiðið er að bregðast við því efnahagslega tjóni sem íbúar og atvinnurekendur í Grindavík hafa orðið fyrir vegna atburða síðustu vikna og mánaða.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir rúmum 3 ma.kr. vegna ástandsins í Grindavík. Þyngst vega launagreiðslur og húsnæðisstuðningur við íbúa bæjarfélagsins en launagreiðslurnar voru einungis fjármagnaðar til mjög skamms tíma. Auk þess var Veðurstofa Íslands sérstaklega styrkt til að stofnunin gæti betur tryggt rekstrarsamfellu og samtúlkun gagna í jarðskjálfta- og eldgosavá. Loks var veitt fjárheimild vegna vaxtaniðurgreiðslna við kaup á húsnæði í gegnum leigufélagið Bríeti vegna kaupa á íbúðum fyrir Grindvíkinga. Í ljósi nýjustu atburða er gert ráð fyrir að framlengja og auka við úrræði vegna eldsumbrota við Grindavík, sbr. það sem að framan greinir, og tekur fyrsta fjárukalagafrumvarp fyrir árið 2024 eingöngu til þessara atburða.

Efni frumvarpsins. Í frumvarpinu eru lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefnasviða og málaflokka ráðuneyta vegna fimm liða, samtals um 7,4 ma.kr. Í fyrsta lagi er um að ræða framlengingu um fjóra mánuði á tímabundnum stuðningi til launagreiðslna, eða til loka júnimánaðar, og nemur kostnaðarauki um 4,8 ma.kr. Í öðru lagi er aflað heimilda vegna nýs úrræðis um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ í samræmi við frumvarp þess efnis sem er í smíðum, en gert er ráð fyrir að það taki til tímabilsins nóvember 2023 til og með apríl 2024 og er kostnaður þess áætlaður um 1,5 ma.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur vegna náttúruhamfara í Grindavík verði framlengdur til loka júní, auk þess sem forsendum um hámarksgræiðslur verður breytt, en áætlaður kostnaðarauki er um 900 m.kr. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði vexti og verðbætur af sjóðfélagalánum, en um er að ræða sams konar ívilnun og bankar hafa þegar veitt sínum lántakendum. Gert er ráð fyrir að þessi kostnaður verði greiddur fyrir sex mánaða tímabil til samræmis við eftirgjöf bankanna og er kostnaður metinn um 140 m.kr. Loks er, í fimmta lagi, gert ráð fyrir gjaldfærslu um 84 m.kr. vegna vaxtaniðurgreiðslu við kaup á húsnæði í gegnum leigufélagið Bríeti en áformað er að kaupa 120 íbúðir til viðbótar þeim 80 sem gert var ráð fyrir í lok síðasta árs.

Á móti auknum fjárheimildum málefnasviða og ráðuneyta er lagt til að heimildir á almennum varasjóði verði lækkaðar um samsvarandi fjárhæð. Með þessu móti er í raun verið að nýta fyrirliggjandi heimildir í almenna varasjóðnum þótt það fari í gegnum fjárukalög. Almennum varasjóði fjárlaga er ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru *tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti* skv. lögum um opinber fjármál en þetta eru sömu skilyrði og uppfylla þarf þegar leitað er aukinna fjárheimilda í frumvarpi til fjárukalaga. Varasjóðnum er þannig m.a. ætlað að bregðast við útgjöldum vegna eldgosa og náttúruhamfara sem og raunar öðrum útgjaldamálum sem uppfylla skilyrði laganna.

Á árinu 2024 er almenni varasjóðurinn með fjárveitingu sem nemur 45,6 ma.kr. Rétt er að áréttta að um 20 ma.kr. af þeirri fjárhæð eru vegna reiknaðra launahækkana á árinu sem áætlaðar hafa verið með hliðsjón af spá um verðbólgu. Kjarasamningar við stéttarfélög ríkisstarfsmanna renna út í lok mars en í þeim eru ekki ákvæði um kjarasamningsbundnar hækkanir á árinu 2024. Að óbreyttu eru því um 25 ma.kr. til ráðstöfunar í önnur ófyrirséð útgjöld að uppfylltum skilyrðum en rétt er að benda á að verði samið um kjarasamningshækkanir umfram reiknaðar hækkanir í fjárlögum mun þurfa að ráðstafa meira af varasjóðnum sem því nemur og verður þá minna svigrúm til að mæta öðrum ófyrirséðum útgjöldum innan ársins.

Til viðbótar framangreindum breytingum á fjárheimildum er lögð til breyting á heimildum ráðherra skv. 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2024. Lagt er til að við greinina bætist einn nýr liður sem heimilar að aukið verði við hlutafé í Leigufélaginu Bríeti ehf. til að styðja við tímabundin kaup félagsins á allt að 120 íbúðum sem leigja skal Grindvíkingum með skilyrði um endurgreiðslu hlutafjárins með lækkun hlutafjár innan þriggja ára frá því að greiðslan var innt af hendi. Miðað er við að ríkissjóður leggi Bríeti til hlutafé fyrir allt að 3,4 ma.kr. vegna þessa. Þessi aðgerð er metin hlutlaus gagnvart afkomu A1-hluta ríkissjóðs þar sem aukning hlutafjár leiðir ekki til gjaldfærslu. Á hinn bóginn hefur framlagið áhrif á lánsfjárför og skuldir þar sem um er að ræða sjóðstreymishreyfingu og mun það hafa í för með sér aukinn vaxtakostnað þegar fram í sækir. Þá kann að koma til gjaldfærslu við uppgjör á úrræðinu að þremur árum liðnum þegar eignir eru seldar og hlutafé endurgreitt, ef afföll verða á eignasafninu fram að þeim tíma.

Afkomu- og skuldaáhrif þeirra breytinga sem lögð eru til í þessu fjárukalagafrumvarpi eru metin í samhengi við burði almenna varasjóðsins til þess að mæta umframútgjöldum á árinu. Að því leyti sem almennur varasjóður er lækkaður á móti auknum útgjöldum má líta svo á að aðgerðirnar séu hlutlausar gagnvart afkomu ríkissjóðs og hafi ekki áhrif á skuldastöðu, enda hafi þegar verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum ársins.

Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í köflunum hér á eftir.

1 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta útgjöldum ríkissjóðs sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga og teljast nú orðin brýn eða óhjákvæmileg. Eins og fram kemur í inngangi er frumvarpið lagt fram vegna jarðhræringa í og við Grindavík. Tillögur í frumvarpinu fela því einungis í sér aðgerðir til að bregðast við afleiðingum þess að íbúum Grindavíkur var gert að yfirgefa heimili sín í nóvember sl. og að ekki hefur tekist að halda úti atvinnustarfsemi á svæðinu vegna viðvarandi óvissuástands.

1.1 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir málefnasviða og málaflokka verði auknar um samtals 7,4 ma.kr. í þeim tilgangi að mæta efnahagslegum og samfélagslegum afleiðingum jarðhræringanna í Grindavík. Það svarar til tæplega 0,5% aukningar frá áður samþykktum fjárheimildum í fjárlögum ársins. Að teknu tilliti til samsvarandi lækkunar á heimildum almenna varasjóðsins verða fjárheimildir ársins hins vegar óbreyttar frá áætlun fjárlaga. Meðfylgjandi tafla sýnir útgjaldamál frumvarpsins sem koma til hækkunar og lækkunar á heildarútgjöldum ársins 2024.

<u>Frumvarp til fjárukalaga 2024: Helstu útgjaldamál eftir tilefnum</u>	<u>Fjárheimildir m.kr.</u>
Fjárlög 2024	
Heildargjöld.....	1.490.902
Frumvarp til fjárukalaga 2024	
Stuðningur við greiðslu launa.....	4.800
Rekstrarstuðningur.....	1.500
Húsnæðisstuðningur.....	900
Stuðningur til greiðslu vaxta og verðbóta lífeyrissjóðslána.....	140
Niðurgreiðslur vaxtagjalda til Bríetar leigufélags.....	84
Almennur varasjóður.....	-7.424
Breytingar á heildargjöldum	0,0
Heimildir 2024	
Heildargjöld.....	1.490.902

1.2 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Lagt til að fjárheimildir málefnasviðanna, 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi* og 31 *Húsnæðis- og skipulagsmál* verði auknar um samtals 7,4 ma.kr. Á móti þessum útgjaldaauka er lagt til að lækka fjárheimildir á málefnasviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* um samsvarandi fjárhæð.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir á málefnasviði 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi* aukist um 6,3 ma.kr. og skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða framlengingu á tímabundnum stuðningi til launagreiðslna þeirra sem starfa í Grindavík. Gert er ráð fyrir að úrræðið verði framlengt um fjóra mánuði eða til loka júní. Áætluð útgjöld vegna þessa nema 4,8 ma.kr. eða um 1,2 ma.kr. á mánaðargrundvelli. Í fjárlögum 2024 er gert ráð fyrir 2,4 ma.kr.

vegna stuðnings til loka febrúar. Þar er miðað við 1,2 ma.kr. á mánaðargrundvelli miðað við 633 þús.kr. á hvern launþega að hámarki auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hver nýting heimildar er fram til þessa, þar sem sækja má um greiðslur allt að þremur mánuðum eftir að gildistíma úrræðisins lýkur. Þá var opnað fyrir umsóknir stærri fyrirtækja síðar en fyrir einyrkja og er því enn að komast reynsla á úrræðið.

Í öðru lagi er um að ræða stuðning í formi beinna styrkja til rekstraraðila í Grindavík. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa úrræðis nemi um 1,5 ma.kr. á sex mánaða tímabili úrræðisins, frá nóvember 2023 til og með apríl 2024. Markmiðið er að styðja rekstur þar sem starfsemin fer fram í Grindavík og hefur skerst verulega með beinum eða óbeinum hætti vegna jarðhræringanna, t.d. þá rekstraraðila sem hafa tekjur af því að selja vörur og þjónustu á staðnum. Rekstrarstuðningurinn er til að mæta gjaldfæranlegum rekstrarkostnaði, að frátöldum launum í skilningi laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Gerð er krafa um að rekstraraðili beri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, að tekjur hans í almanaksmánuði sem umsókn varðar hafi verið a.m.k. 40% lægri en í sama almanaksmánuði ári áður og að hann sé hvorki í vanskilum með opinber gjöld né að bú hans hafi verið tekið til gjaldprotaskipta. Gert er ráð fyrir að rekstrarstuðningurinn sé að hámarki 6 m.kr. fyrir hvern almanaksmánuð hjá rekstraraðila. Rekstrarstuðningurinn tekur mið af hvorri eftirtalinnna fjárhæða sem er lægri: 1. Rekstrarkostnaði þann almanaksmánuð sem umsókn varðar, eða 2. Margfeldi af 600 þús.kr., fjölda stöðugilda í almanaksmánuði, þó að hámarki 10, og prósentutölu tekjufalls. Útfærsla rekstrarstyrksins er enn í mótun og frumvarp þess efnis í smíðum og getur kostnaðarmatið því tekið breytingum.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir á málefnasviði *31 Húsnæðis- og skipulagsmál* aukist um 1,1 ma.kr. og skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 900 m.kr. hækkun vegna framlengingar og útvíkkunar á sérstökum húsnæðisstuðningi til heimila. Um er að ræða viðbótarhúsnæðisstuðning til þess að lækka húsnæðiskostnað Grindvíkinga sem þurfa að leigja húsnæði til íbúðar utan Grindavíkurbæjar. Fjárheimild í fjárlögum ársins 2024 nemur 450 m.kr. miðað við gildistíma út febrúar, eða um 225 m.kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að úrræðið verði framlengt um fjóra mánuði, eða til loka júní. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að herra hlutfall íbúa í Grindavík muni nýta úrræðið en áður, eða 85–95%. Þá er lagt til að hækka þak húsnæðisstuðningsins úr 75% í 90% af húsnæðiskostnaði. Auk þess er gerð sú breyting að þrepum verði fjölgað við ákvörðun hámarksfjárhæðar stuðningsins eftir fjölskyldustærð og nemi hámarksleigustuðningur nú 294 þús. kr. fyrir sex í heimili eða fleiri en í gildandi lögum er hámarksfjárhæð 252 þús. kr. fyrir fjögur í heimili eða fleiri.

Í öðru lagi er lagt til að ríkissjóður greiði um 140 m.kr. í vexti og verðbætur af sjóðfélagalánum vegna fasteigna í Grindavík og þar með styðja við hóp íbúa Grindavíkur sem fallið hefur utan fyrirbyggjandi úrræða fjármálastofnana um niðurfellingu á vöxtum og verðbótum af húsnæðislánum. Kostnaðarmatið tekur mið af heildarfjölda sjóðfélagalána hjá lífeyrissjóðunum og miðast við sex mánaða tímabil úrræðisins. Miðað er við að úrræðið verði formfest í formi samnings milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og viðeigandi lífeyrissjóða þar sem ríkissjóður tekur yfir greiðslur vaxta og verðbóta af sjóðfélagalánum einstaklinga vegna fasteigna þeirra í Grindavík í tiltekinn tíma.

Í þriðja lagi er lagt til að ríkissjóður veiti sérstaka 84 m.kr. fjárheimild til að mæta niðurgreiðslu vaxta við lánsfjármögnun hjá Leigufélaginu Brieti vegna fyrirhugaðra kaupa á allt að 120 íbúðum sem leigja á til Grindvíkinga. Í frumvarpi þessu er lagt til að auka hlutfé í Brieti um 3,4 ma.kr. sem ætlað er að styðja við fyrirhuguð íbúðakaup. Vaxtaniðurgreiðslan helst í hendur við tillögu um hlutafjárútkningu. Með niðurgreiðslu vaxta er Brieti gert kleift að bjóða Grindvíkingum leiguhúsnæði á viðunandi kjörum.

Eins og fram kemur í inngangi frumvarpsins er lagt til að lækka fjárheimildir almenna

varasjóðsins á málefnasviði 34 *Almennur varasjóður* um samsvarandi fjárhæð á móti þessum útgjaldaauka. Afkomuáhrif tillagnanna eru því hlutlaus og heildargjöld ársins 2024 óbreytt frá áætlun fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2024	Heimildir 2024	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.771,8	6.771,8		
02 Dómstólar	4.044,8	4.044,8		
03 Æðsta stjórnýsla	2.781,5	2.781,5		
04 Utanríkismál	15.840,7	15.840,7		
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	29.443,6	29.443,6		
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.468,6	3.468,6		
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	32.946,2	32.946,2		
08 Sveitarfélög og byggðamál	33.794,7	33.794,7		
09 Almanna- og réttaröryggi	40.400,9	40.400,9		
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	26.423,7	26.423,7		
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	56.686,4	56.686,4		
12 Landbúnaður	23.390,3	23.390,3		
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	7.752,0	7.752,0		
14 Ferðaþjónusta	2.167,9	2.167,9		
15 Orkumál	14.670,5	14.670,5		
16 Markaðseftirlit og neytendamál	3.969,4	3.969,4		
17 Umhverfismál	33.647,4	33.647,4		
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	21.822,1	21.822,1		
19 Fjölmíðlun	6.945,6	6.945,6		
20 Framhaldsskólastig	45.676,0	45.676,0		
21 Háskólastig	65.403,3	65.403,3		
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	5.700,9	5.700,9		
23 Sjúkrahúspjónusta	160.993,4	160.993,4		
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	89.048,3	89.048,3		
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	79.851,1	79.851,1		
26 Lyf og lækningavörur	41.831,0	41.831,0		
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks	107.782,7	107.782,7		
28 Málefni aldraðra	117.862,5	117.862,5		
29 Fjölskyldumál	63.115,1	63.115,1		
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	47.000,3	53.300,3	6.300,0	13,4%
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	24.532,4	25.656,4	1.124,0	4,6%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	11.929,4	11.929,4		
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	179.195,4	179.195,4		
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	70.905,7	63.481,7	-7.424,0	-10,5%
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	13.106,8	13.106,8		
Samtals	1.490.902,4	1.490.902,4	0,0	0,0%

Áhrif á jafnrétti kynjanna

Æskilegt hefði verið að meta áhrif frumvarpsins á jafnrétti í samræmi við aðferðir kynjaðrar fjárlagagerðar en skortur á kyngreindum gögnum reyndist áskorun.

EKKI liggja fyrir kyngreindar upplýsingar um stöðu á húsnæðismarkaði en það liggur fyrir að leigjendur eru líklegri en eigendur til upplifa íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar. Líklegt er því að sá hópur hafi verið í þrengri stöðu fyrir náttúruhamfarirnar í Grindavík. Gögn um greiddar húsnæðisbætur gefa svo vísbendingar um stöðu kynjanna á leigumarkaði. Þegar aðeins einn fullorðinn er á heimili er algengara að um sé að ræða barnlaus heimili og eru kynjahlutföllin þá nokkuð jöfn á meðal viðtakenda húsnæðisbóta. Þegar einn fullorðinn ásamt börnum er aftur á móti á heimilinu er þar í yfirgnæfandi meiri hluta um konur að ræða.

Við gerð frumvarpsins lágu ekki fyrir gögn um kynjaskiptingu eftir starfsgreinum í Grindavík og því erfitt að leggja mat á áhrif stuðnings vegna launagreiðslna og rekstrarstuðnings á kynin. Þó liggur fyrir að karlar voru í nóvember 2023 rúmlega 54%

starfandi einstaklinga með lögheimili í Grindavík, sem er lítillega hærra en á landsvísu. Hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn var þá umtalsvert hærra í Grindavík en á landsvísu, eða tæplega 31%, og er kynjamunur í þessum hópi lítill sem enginn. Í ljósi þess hve hátt hlutfall starfandi í Grindavík er með erlendan bakgrunn má þó gera ráð fyrir að ráðstafanirnar grípi hóp fólks í viðkvæmri stöðu.

Óleiðréttur launamunur kynjanna á almennum vinnumarkaði var 13,5% árið 2022 og var miðgildi heildarlauna fullvinnandi kvenna á almennum vinnumarkaði 670 þús. kr. en karla 792 þús. kr. Sé tekið mið af þessum tölum, sem eiga við um landið allt, er líklegra að laun kvenna en karla séu undir hámarki launastuðnings til atvinnurekenda í Grindavík. Áhrif þessa á launafólk hjá atvinnurekendum sem launastuðningurinn tekur til eru þó óljós.

2 Heimildir

Í fjárukalagafrumvarpinu eru lagðar til breytingar á heimildaákvæði 6. gr. fjárlaga. Lagt er til að við greinina bætist einn nýr liður sem heimilar að aukið verði við hlutfé í Leigufélaginu Bríeti ehf. til að styðja við tímabundin kaup félagsins á allt að 120 íbúðum sem leigja skal Grindvíkingum með skilyrði um endurgreiðslu hlutfjárins með lækkun hlutfjár þegar leysist úr húsnæðisvanda Grindvíkinga eða í síðasta lagi innan þriggja ára frá því að greiðslan var innt af hendi.

Í fjárukalögum 2023 var veitt heimild til aukningar á hlutfé í Bríeti til kaupa á 80 íbúðum til leigu fyrir Grindvíkinga með sömu skilyrðum. Jafnframt var veitt heimild í fjárlögum 2024 fyrir 50 m.kr. vaxtaniðurgreiðslu til Bríetar til að félagið gæti boðið ásættanlegt leiguverð. Bríet hefur þegar gengið frá kaupum á þessum 80 íbúðum og úthlutað til Grindvíkinga.

Vegna áframhaldandi óvissuástands vegna jarðhræringa í Grindavík er talið að þörf sé á að kaupa fleiri íbúðir til að tryggja að framboð sé til staðar af fasteignum til leigu fyrir íbúa Grindavíkur. Horft er til þess að þegar Grindvíkingar hafa ekki lengur þörf fyrir þetta tímabundna úrræði verði eignirnar seldar á markaði og lán og eigið fé gert upp við ríkissjóð. Eignirnar verða því seldar jafnt og þétt eftir því sem Grindvíkingar færa sig úr þeim. Staðið verður að kaupum á þessum 120 íbúðum með sambærilegum hætti og við fyrri kaup, þ.e. auglýst verður opinberlega eftir fasteignum til kaups af tiltekinni gerð og eignir valdar út frá heildarhagkvæmni. Heildar kaupverð eigna er áætlað um 8,5 ma.kr. Gert er ráð fyrir að keyptar verði eignir á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu og þar sem fasteignaverð er hærra á höfuðborgarsvæðinu mun meðalverð keyptra íbúða taka mið af því í hvaða hlutföllum kaupin verða. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að kaupa íbúðir á bilinu 90–100 fermetra og má þá gera ráð fyrir að meðalverð verði á bilinu 85–95 m.kr.

Fyrirkomulag vegna eignakaupa verður annars vegar með þeim hætti að Bríet mun fjármagna lánsfjárluta íbúðarkaupanna, þ.e. 5,1 ma.kr. eða sem nemur 60% af kaupvirði, hjá Húsnæðissjóði á grundvelli fyrirliggjandi lánsfjárheimilda sjóðsins. Ríkissjóður mun hins vegar fjármagna 40% eiginfjárþörf Bríetar með hlutfjárukauningu að höfðu samræði við núverandi hluthafa félagsins í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga og samþykktir félagsins. Í samræmi við þetta er miðað við að ríkissjóður leggi Bríeti til hlutfé fyrir allt að 3,4 ma.kr. Ekki er gerð arðsemiskrafa á það eigið fé sem Bríeti er lagt til vegna kaupanna, sem samanlagt með fyrri kaupum nemur um 5 ma.kr., en gera verður ráð fyrir að í slíkri niðurfellingu felist ívilnun. Ef miðað er við fjármögnunarkjör ríkissjóðs gæti slík ívilnun falið í sér stuðning sem nemur um 400 m.kr. á ári. Til skoðunar er hvort gjaldfæra þurfi slíka ívilnun.

Til viðbótar við heimildir um eiginfjárframlag er gert ráð fyrir að í fjárukalagafrumvarpi verði sérstök fjárheimild til að mæta niðurgreiðslu vaxta við lánsfjármögnun hjá Bríeti fyrir allt að 84 m.kr. Þetta er talið nauðsynlegt til að gera Bríeti kleift að bjóða Grindvíkingum leigu sem taki mið af leiguverði á markaði en ekki er gert ráð fyrir niðurgreiðslu í leiguverðinu sjálfu. Með þessu er jafnræði leigjenda tryggt, hvort sem þeir leigja hjá Bríeti eða á almennum markaði, en öllum Grindvíkingum stendur sérstakur leigustyrkur til boða í samræmi við þær reglur um hann gilda. Miðað er við að uppgjör vegna vaxtaniðurgreiðslu verði liður í heildaruppgjöri vegna úrræðisins þar sem þörf á niðurgreiðslu mun taka mið af því hvaða eignir verða keyptar hjá Bríeti. Gera verður ráð fyrir að hærri vaxtaniðurgreiðslu þurfi vegna fasteigna sem keyptar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Við lok úrræðis eða að þremur árum liðnum kemur að heildaruppgjöri vegna kaupanna. Gert er ráð fyrir að Bríet selji þá eignirnar, geri upp lán hjá Húsnæðissjóði og endurgreiði ríkissjóði hlutféð að teknu tilliti til eðlilegs umsýslukostnaðar.

Greinargerð við einstaka málaflokka.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 6.300 m.kr.

30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 6.300 m.kr. sem skýrist annars vegar af því að veita á 4.800 m.kr. framlag vegna framlengingar úrræðis um tímabundinn stuðning til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði með starfsstöð í Grindavíkurbæ. Stuðningurinn á einnig við um sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna launataps sökum jarðhræringanna. Gert er ráð fyrir að úrræðið nái til 1.500–2.000 einstaklinga og að launagreiðslur þeirra liggi á bilinu 1–1,4 ma.kr. á mánuði.

Hins vegar er 1.500 m.kr. aukning vegna tímabundins rekstrarstuðnings til að koma til móts við tekjutap ýmissa rekstraraðila með starfsemi í Grindavík.

31 Húsnæðis- og skipulagsmál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 1.124 m.kr.

31.10 Húsnæðismál

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.124 m.kr. sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að veita 900 m.kr. framlag í sértækan húsnæðisstuðning til íbúa Grindavíkurbæjar. Er það í samræmi við framlengingu tímabundinna laga um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ um fjóra mánuði.

Í öðru lagi er fjárheimild málaflokksins hækkuð um 140 m.kr. vegna greiðslu vaxta og verðbóta af sjóðfélagalánum einstaklinga vegna fasteigna þeirra í Grindavík.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að veita 84 m.kr. framlag til að mæta niðurgreiðslu vaxta við lánsfjármögnun hjá Leigufélaginu Bríeti vegna fyrirhugaðra kaupa á allt að 120 íbúðum sem leigja á til Grindvíkinga. Vaxtaniðurgreiðslan helst í hendur við 3,4 ma.kr. hlutafjárukningu í Leigufélaginu Bríeti sem lögð er til í frumvarpi þessu og er ætlað að styðja við fyrirhuguð íbúðakaup.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði lækkuð um 7.424 m.kr.

34.20 Sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 7.424 m.kr. sem samsvarar tillögum um auknar fjárheimildir. Tillögunni er ætlað að vega á móti auknum útgjöldum

frumvarpsins. Almennum varasjóði fjárlaga er ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru *tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti* skv. lögum um opinber fjármál. Í þessu frumvarpi er sú leið valin að leggja til auknar fjárheimildum á nokkrum málaflokkum og gera tillögu að lækkun fjárheimilda almenns varasjóðs að sama skapi, sbr. umfjöllun þess efnis í inngangskafli frumvarpsins.

